

# Weber 4150 Fine Flow



## Efnislýsing

Weber 4150 Fine Flow er ódýrt, dælanlegt hraðþornandi flotefni sem er auðvelt í meðförum. Ekki er þörf á frekari yfirborðsmeðhöndlun, svo sem slípun eða finspörtun. Efnið er þurr efni í 25kg pokum sem er blandað vatni á byggingarstað. Stuttur þurrktími leyfir lögn á dúk eða parketi eftir 7-10 daga. (Fer þó eftir þykkt, lofraka, hitastigi og öðrum aðstæðum.) Flísar má leggja með sementsbundnum límum daginn eftir flotun. Weber 4150 er vottað af óháðum aðila sem er SP Sveriges Forsknings och Provningsinstitut, P og CE merkt og uppfyllir kröfur HusAMA um flotefni.

## Notkunarsvið

Weber 4150 hentar í íbúðarhúsnæði, á skrifstofum, iðnaðargólum, og þar sem álag er í meðallagi.

## Undirvinna

Undirlagið skal vera hreint og laust við lausan múr, sementslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi, og þarf að þola togkraft allt að 1,0 MPa. Ef flota á yfir lakkað gólf, skal slípað yfir með sandpappírsslípivél og lakkið mattað. Grunnið með Weber Floor 4716 1:1, stráðið þurru efni í blautan grunninn og kústið saman. Látið þorna og þá er undirlagið tilbúið undir flotun.

## Grunnur

Grunna skal með Weber Floor 4716 og blanda hann 1 hluti grunnur og 3 hlutar vatn. Sjá leiðbeiningar um notkun við mismunandi aðstæður.

## Blöndun og lögn

Vatnsmagn er 21% eða 5,25 lítrar í 25 kg. poka. Blandið saman með hæggengi borvél þar til viðunandi seigju er náð. Ef dæla á efninu, leitið þá upplýsinga hjá söluaðila. Mælið flotið í efninu (samkv. SS 923519) með hring sem er 50x22mm. Skal þá flotið í efninu vera 155-160mm. Athugið alltaf við flotprufu hvort efnið sé nægjanlega vel hrært.

## Ásetning

Flotinu er dælt með þar til gerðri múr/flotdælu. Efnið er lagt í þunnu lagi fram og til baka eftir gólfinu. Hámarksbreidd á svæði er 8m. Á breiðari svæðum þarf að skilja að með svamplista. Draga þarf tenntan spaða eftir yfirborðinu til að losa um loft og koma í veg fyrir loftbólur. Ef þarf að flota í tveimur umferðum, þurfa að líða ca 12klst á milli umferða.

## Athugið

Fyrir lögn á parket eða dúk skal alltaf fullvissa sig um að undirlagið sé nægjanlega þurrt. Best er að ráðfæra sig við seljendur gólfefnisins um hvernig mæla eigi rakastig í floti og við hvaða rakamörk skal miða.

## Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf upplýsinga hjá sölumönnum ef í vafa. Ekki má blanda öðrum efnum saman við flotið þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.

## Eiginleikar 4150 FineFlow

<b>Þykkt max:</b>	30mm (10mm á léttsteypu)
<b>Þykkt min:</b>	4mm (6mm á léttsteypu)
<b>Þrýstipól (EN 13813)</b>	30 MPa
<b>Beygjupól (EN 13813)</b>	7 MPa
<b>Togpól (28 dagar)</b>	1,5MPa
<b>Rýrnun á 28 dögum</b>	<0,4 mm/m
<b>Flot (SS 923519)</b>	155-160 mm
<b>Brunaflokkun (EN 13501-1)</b>	A2fl s1
<b>pH (í fullþurru gólfi)</b>	10,5 – 11,0
<b>Bindiefni:</b>	Aluminatsement Portlandsement
<b>Fylling:</b>	Natursandur, Dolomitfiller
<b>Vatnspörf:</b>	21% (5,25L/25kg)
<b>RWFC þol gagnvart hjólum skrifborðsstóla (EN 13892-7) m.v. 4-30mm</b>	RWFC 350
<b>Efnisnotkun 10mm þykkt:</b>	17kg/m <sup>2</sup>
<b>Gönguhæft:</b>	2-3klst
<b>Fullþurt:</b>	1-3 vikur